



Erasmus well-being verkefnið skólaárið 2024 – 2025

Þetta er fyrsti veturinn af þremur í verkefni sem við fengum styrk til. Verkefni með vilyrði fyrir fjármagni til þriggja ára. Verkefnið er í floknum KA120 (accreditation), sækja þarf árlega um fjármagn, en veiting þess byggir á árangri í verkefninu árið áður.

Þemað var *Velferð og vellíðan* (e. Wellbeing). Tékkneski samstarfsskólinn okkar Základní škola Karla Jerábka fékk ekki styrk til sameiginlegs verkefnis, en ákvað að starfa með okkur að sameiginlegum rafrænum verkefnum og taka á móti hópi frá okkur í heimsókn. Kennt var einu sinni í viku, 60 mínútna kennslustund. Unnið var út frá þemanu, með það að leiðarljósi hvernig einstaklingar geta stuðlað að sinni velferð. Við byggðum meðal annars á þeirri hugmyndafræði sem við höfum lært í Búbbblunni hennar Elínar okkar undanfarin ár. Kennt var samkvæmt námskrá og í henni kynna nemendur sér ýmislegt varðandi samskipti, rafræna tækni, afþreyingu og kyrrð sem stuðlað getur að velferð einstaklinga.

Í lok apríl fóru níu nemendur, Helena sérkennari og Hildur náttúrufræðikennari í langþráða ferð til Tékklands. Í hópnum voru meðal annars nemendur sem höfðu verið þátttakendur í Erasmus verkefnum í þrjú ár. Ferðin tókst ljómandi vel. Unnið var samkvæmt þéttskipaðri dagskrá þar sem farið var í kennslustundir í skólanum og ýmsir áhugaverðir staðir heimsóttir. Valið var að nýta lestarsamgöngur í stað bílaleigubíls. Það mæltist vel fyrir. Hópurinn tók meðal annars lestina til Þýskalands einn daginn. Margt sem hópurinn lærði og það var afar skemmtilegt að hitta þá nemendur og kennara sem höfðu heimsótt okkur undanfarin tvö ár. Eftirminnileg ferð þar sem bæði nemendur og kennarar lærðu mikið um tékkneska menningu, skólastarf og velferð.

Það var sérlega athyglisvert að sjá að eftir heimsókn skólastjóra tékkneska skólans til okkar árið áður höfðu verði innleiddar ýmsar nýjungar sem þau kynntust í skólanum okkar. Meðal annars hvíldarrými, afþreying á göngum (taflborð) og ný húsgögn voru í okkar anda.



Hópar frá GB og ZSK sem tóku þátt í þessu verkefni sem styrkt var af Erasmus+ styrkjaáætlun Evrópusambandsins. Frábært verkefni og nýjar áskoranir sem svo sannarlega stækka reynsluheim nemenda.



Þema Erasmus verkefnisins er well-being. Hér vinna nemendur að verkefni tengdu því.



Foreldri eins nemandans bauð hópunum í garðveislu á heimili sínu.



Óvenjuleg aðstaða til skólaverkefnis, en reyndist henta vel.



Hópurinn hvílir lúin bein í gönguferð um Roudnice nad labem.



Hópurinn tók lestina til til Dusseldorf í Þýskalandi. Eftir skoðunarferð gafst tími til að líta aðeins í búðir. Frá vinsti: Hilmar, Andri, Gitta, Eygló, Blær, Rebekka Rán, Freyja, Kristný og Karín.



Salur með frábærri, náttúrulegri birtu nýttur til well-being verkefna.